

málssóknarskjölunum í héraði, þá eru þessi ummæli eigi svo vaxin, að þau misbjóði virðingu réttarins, og er því eigi tilefni til að taka þessa kröfu til greina.

Með því að yfirrétturinn einnig felst á málskostnaðarákvæði undirréttardómsins ber samkvæmt hinu framanritaða að staðfesta téðan dóm í öllum greinum. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli einnig niður.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 26/1901.

Landlæknir dr. J. Jónassen
 gegn
 ritstjóra Birni Jónssyni.

D ó m u r:

Áfrýjandinn, landlæknir J. Jónassen, höfðaði mál þetta í héraði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn hinum stefnda ritstjóra Birni Jónssyni út af nokkrum ummælum í grein einni í blaðinu Ísafold, XXVII. árg. 62. tölubl., er kom út 6. okt. f. á., með fyrirsögninni »Skarlatssótt«, og taldi áfrýjandi ummæli þessi meiðandi og móðgandi fyrir sig, og að stefndi ritstjóri blaðsins bæri ábyrgð á

þeim, með því að greinin er nafnlaus. Málinu var ráðið til lykta með dómi bæjarþingsréttarins upp-
kveðnum 18. apríl þ. á., og var Björn ritstjóri Jóns-
son sýknaður í málinu, og málskostnaður látinn
falla niður.

Bæjarþingsdómi þessum hefir landlæknir J.
Jónassen skotið til yfirdómsins með stefnu, útgef-
iuni 17. júní þ. á., og krafist þess, að dóminum
verði breytt og hrundið þannig, að kröfur hans
fyrir bæjarþinginu verði að öllu leyti teknar til
greina, að þar áttalin ummæli verði dæmd dauð og
ómerk, að stefndi verði látinn sæta hæfilegri sekt
fyrir þau, að viðlögðu fangelsi, og að hann verði
dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum
réttum með einhverri nægilegri upphæð eftir mati
yfirdómsins. Stefndi Björn ritstjóri Jónsson hefir
af sinni hálfu krafist algjörðrar sýknunar eða að
bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að hon-
um verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður af
hendi átrýjanda.

Í áminstri grein í »Ísafold«, sem er sakarefni,
er þess getið, að skarlatssóttin sé að sögn farin að
dreifa sér út um Árnassýslu, að haft sé eftirlækni
(o: héraðslækni), að hún muni vera þar á fleiri
bæjum en sóttkvíaðir hafi verið, en ókunnugt sé
um, hvort hann hafi gert nokkura gangskör að
eftirgrenslun um það. Síðan segir svo í greininni:
»Landlæknir hefir og líklegast ekki mikið við að
ýta undir hann til þess; hann skirir sjálfsagt sótt-
ina »rauða hunda« óséða, eins og hann gerði hér

í vor, þegar hún gekk í Lónakoti og í Hliðsnesi. Engu líkara en það sé nokkurs konar gamanleikur, hvort stendur eru eftir mætti stigur fyrir sóttinni eða ekki«. Þessa klausu telur áfrýjandi meiðandi og móðgandi fyrir sig, og vill láta hana varða við lög. Yfirdómurinn verður nú og að álíta, að í framsögninni um að »landlæknir muni sjálfsagt skíra sóttina rauða hunda óséða« (o: rannsóknarlaus) og »að engu sé líkara en að það sé nokkurskonar gamanleikur (nl. fyrir landlæknir), hvort stendur séu eftir mætti stigur fyrir sóttinni eða ekki» — felist móðgandi getsök fyrir þenna embættismann landsins, um það, að hann muni engin afskipti hafa af sótt þessari nema í alvöruleysi og með léttúð, og þessi getsök er ekki nægilega réttlætt í málinu með skýrslum þeim, sem framkomnar eru af hálfu stefnda um afskipti áfrýjanda eða læknastéttarinnar af sóttinni í Árnessýslu í fyrra, og að getsökin eða aðdróttunin þykir vera svo móðgandi, að hún eigi að varða við lög eftir 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869. Það verður því að dæma dauð og ómerk hin tilvitnuðu meiðyrði og dæma hinn stefnda í sekt fyrir þau, er ákveðst 40 krónur samkvæmt áminstri hegningarlagagrein, og skal sektin renna í landssjóð, en í stað hennar komi 8 daga einfalt fangelsi, sé hún eigi öll greidd í ákveðinn tíma. Samkvæmt þessum úrslitum málsins þykir það rétt, að stefndi greiði áfrýjanda sem málskostnaðarendurgjald 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Framantalin meidandi ummæli um áfrýjanda, landlækni dr. J. Jónassen, eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi ritstjóri Björn Jónsson greiði sekt til landssjóðs 40 krónur, eða sæti 8 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist í tæka tíð. Svo greiði hann og málskostnað til áfrýjanda 40 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 32/1901.

Sigurður Thoroddsen

gegn

W. Ó. Breiðfjörð.

D ó m u r :

Áfrýjandinn, verkfræðingur Sigurður Thoroddsen höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn hinum stefnda, kaupmanni W. Ó. Breiðfjörð, út af meidandi ummælum um áfrýjanda í 2 nafnlausum greinum í blaðinu »Reykvíkingur«, X. árg. 5. tölubl. og XI. árg. 1. tölubl., en stefndi er útgefandi og ábyrgðarmaður blaðsins, og var málið dæmt á bæjarþinginu 11. apríl þ. á. á þá leið, að hin átöldu ummæli í X. árg. 5. tölubl. blaðsins voru dæmd dauð og ómerk, stefndi dæmdur í 30 króna sekt til landssjóðs fyrir þau, en til vara 8 daga einfalt fangelsi, og til að greiða 12 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir Sigurður Thoroddsen